

Nd.

425. Nefndarálit

[191. mál]

um frv. til laga um aðgerðir í atvinnumálum.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Þetta stjórnarfrumvarp mun vera borið fram í því skyni að vega að örlitlu leyti á móti því öngþveiti, sem stefna núverandi ríkisstjórnar í atvinnu- og efnahagsmálum hefur leitt yfir þjóðfélagið. Er frv. byggt á samkomulagi, sem stjórnin gerði við vinnuveitendur og verkalýðssamtökin í s. l. janúarmánuði, en framkvæmdir á þeim samningi hefur þegar dregizt miklu lengur en ráð var fyrir gert.

Í frv. er heimild til lántöku, 300 millj. kr., og á að verja því fé til atvinnuaukningar. Jafnframt á að setja upp úthlutunarnefndir í öllum kjördæmum landsins og eina yfirúthlutunarnefnd í höfuðstaðnum. Eru þær nefndar atvinnumálanefndir.

Við bendum á, að heppilegra hefði verið að samþykkja tillögu stjórnarandstæðinga um framlag til atvinnuaukningar, sem þeir fluttu við afgreiðslu fjárlaganna í næstl. desembermánuði, heldur en að fresta þessu í þrjá mánuði, eins og nú hefur verið gert.

Við leggjum til, að frv. verði samþykkt og þannig staðið við áður nefnt samkomulag stjórnarinnar við Vinnuveitendasambandið og Alþýðusambandið, þó að hætt sé við, að þessar ráðstafanir reynist ófullnægjandi. Í þessu sambandi viljum við leggja sérstaka áherslu á nauðsyn þess, að ráðstafanir verði gerðar til þess, að skólafólk geti fengið viðunandi atvinnu yfir sumarmánuðina, þar sem margt af því mun ekki geta haldið áfram námi að öðrum kosti.

Alþingi, 27. marz 1969.

Skúli Guðmundsson,
frsm.

Vilhjálmur Hjálmarsson.